

Erindi: Afnot af félagsheimilum

B.t. Bæjarráðs Fjarðabyggðar

Á síðasta ári lauk 3ja ára samstarfssamningi sem Krabbameinsfélag Austfjarða og sveitarfélagið Fjarðabyggð gerðu með sér. Ánægjulegur samningur sem skipti miklu máli fyrir Krabbameinsfélagið þar sem hver króna telur og gerir mikið.

Nú er Krabbameinsfélag Austfjarða með í undirbúningi 2 stóra viðburði á vormánuðum.

Annars vegar er fyrirhugað að halda „Blátt/mottumarskvöld“ í Neskaupsstað 14. Mars nk. Þar stendur til að vera með tónlistarviðburð í bland við fræðslu og reynslusögur sem þá tengjast krabbameinum/forvörnum. Okkur langar að gera körlum hærra undir höfði þar sem bleikur október er stór og fyrirferðamikill en mottumars ekki verið eins stór. Þetta yrði einnig fjáröflunarviðburður fyrir félagið sem stendur frammi fyrir áskorunum árlega við að styrkja félagsmenn og aðstandendur samhliða því að halda úti þjónustu varðandi fræðslu og forvarnir.

Hins vegar er fyrirhugað að halda stóran viðburð á Fáskrúðsfirði í apríl og er í undirbúningi en frekari upplýsingar um þann viðburð birtast síðar.

Félagið vill því senda inn beiðni til Fjarðabyggðar um að fá afnot af félagsheimilunum endurgjaldslaust í þessa viðburði félagsins.

- Egilsbúð Neskaupsstað 14. Mars nk. (og afnot af hljóðkerfi)
- Skrúður Fáskrúðsfirði (kvöldstund á virkum degi í apríl, dagsetning ekki staðfest og þá með fyrirvara um að húsið sé laust).

Við viljum einnig vekja athygli á mikilvægri starfsemi félagsins í sveitarfélaginu og er velkomið að koma og kynna fyrir ykkur félagið og starfsemi þess nánar ef áhugi er fyrir því.

Einnig er fyrirhugað að vera á ferðinni með fræðsluerindi í mottumars á vinnustaði á okkar þjónustusvæði. Ef sveitarfélagið óskar eftir að fá erindi á einhverjar starfsstöðvar er það velkomið og endurgjaldslaust. (Erindið er 20-30 mín og gæti verið kjörið hádegiserindi á vinnustöðum þar sem það hentar).

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Austfjarða,

Hrefna Eyþórsdóttir, formaður.